

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 8. maí 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Þröstur Helgason mætti ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing í nóvember – undirbúningur

Sjá fg. ÍM 1/2018, 2. lið og fg. stj. ÍM 3/2018, 1. lið. Haldið var áfram að ræða um málræktarþingið í nóvember og væntanlega fyrirlesara. Þema þess verður áhrif fjölmenningsarsamfélagsins og það verður haldið 15. nóvember kl. 15.30 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns. Stefnt er að því að haldin verði fimm–sex erindi og var ákveðið við hverja yrði rætt um að halda þau.

2. Heimsókn til ráðherra 30. maí

Sjá fg. stj. ÍM 3/2018, 3. lið. Bókaður hefur verið fundur með menntamálaráðherra 30. maí en eingöngu er gert ráð fyrir 20 mínútna fundi. Stjórnarmenn voru ósáttir við það hversu skammur fundurinn er og þá sérstaklega í ljósi þess hversu langt er síðan málnefndin þingaði síðast með ráðherra. Ármann hefur tekið saman minnisblað um atriði sem málnefndin vill leggja áherslu á á fundinum og voru þau rædd á fundinum.

3. Ritreglur (greinarmerki). Jóhannes segir frá

Sjá fg. stj. ÍM 10/2017, 2. lið. Jóhannes kynnti drög að nýjum reglum um greinarmerkjasetningu sem hann hafði sent stjórninni 7. maí (*Drög að endurskoðuðum reglum um greinarmerkjasetningu. Skýrsla til íslenskrar málnefndar*, 7. maí 2018) og dreifði einnig yfirlitsblaði yfir helstu breytingar frá fyrri reglum. Nýju reglurnar mæltust mjög vel fyrir og þóttu skýrar. Drögin voru samþykkt með smábreytingum. Jóhannesi var falið að ganga endanlega frá reglunum og skila þeim síðan til ritara ÍM. Þær verða síðan sendar til mennta- og menningarmálaráðuneytis og óskað eftir því að þær verði auglýstar af ráðuneytinu eins og ritreglurnar 2016.

Formaður- og varaformaður ÍM greindu frá því á reglulegum samráðsfundi í menntamálaráðuneyti 8. maí að málnefndin hygðist bráðlega biðja ráðuneytið um að láta auglýsa viðauka við ritreglur um greinarmerkjasetningu, þ.e. þessar nýju greinarmerkjareglur. Þau lögðu áherslu þar á að skýrara þyrfti að vera í ráðuneytinu hver tæki við reglunum og fylgdi þeim eftir. Það hefði vantað mikið upp á það árið 2016 þegar nýjar ritreglur voru auglýstar (<http://islenskan.is/ritreglur-im>). Þær hefðu lítið verið kynntar af ráðuneyti né þeim fylgt eftir.

4. Heimasíða ÍM

Sjá fg. ÍM 1/2018, 6. lið a. Bent hafði verið á að ýmislegt efni vantaði á vef málnefndarinnar (www.islenskan.is), t.d. fundargerðir og eldri ályktanir. Ágústa hefur nú farið yfir þetta og bætt úr því þar sem vantaði.

5. Verkefni 2018–2019

Sjá fg. ÍM 1/2018, 1. lið. Rætt var ítarlega á fundi ÍM 24. apríl um áhersluatriði fjórða skipunarárs nefndarinnar, 1.9.2018–31.8.2019. Þeirri umræðu var haldið áfram og samstaða var um að lögð yrði

áhersla á gott aðgengi að orðabókum á netinu. *Íslensk orðabók*, sem Forlagið á, var sérstaklega nefnd í þessu samhengi. Steinunn sagði að það væri bagalegt að ekki væri lengur unnið að endurskoðun þessarar grundvallarorðabókar málsins. Hún þyrfti að vera lifandi orðabók. Formaður sagði að það hefði staðið til 2007 að hún færi yfir staðbundinn orðaforða *Íslenskrar orðabókar* sem væri allt of umfangsmikill nú en ekki hefði orðið úr því. Einnig var rætt um *Íslenska nútímamálsorðabók* sem unnið væri að á vegum Árnastofnunar (á málið.is) og hvort og hvernig hún skaraðist á við *Íslenska orðabók*. Ákveðið var að ræða við hlutaðeigandi aðila í haust og efna til fundar. Þetta verður gert að forgangsmáli.

Einnig var rætt um að bæta þyrfti gjaldfrjálst aðgengi á netinu að sígildum íslenskum textum allra alda (sjá ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2016, bls. 3 <http://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun-IM-2016.pdf>). Hugsanlega gæti Árnastofnun sett upp safnsíðu með þeim. Á vefsíðu Snerpu (Netúgáfan, sjá https://www.snerpa.is/allt_hitt/netutgafan/) væru ýmsir textar en án heimildaupplýsinga og óvíst um gæði þeirra. Nefnt var að í Textasafni Árnastofnunar væru ýmsir textar frá ólíkum öldum sem mætti nýta (sjá <http://corpus.arnastofnun.is/leit.pl?info=2>).

6. Önnur mál

a) Krafa um íslenskukunnátta dýralækna

Hilmar benti á að nýlega hefði fallið úrskurður umboðsmanns Alþingis í máli sem sneri að íslenskukunnáttu dýralækna hjá Matvælastofnun. Dýralæknafélag Íslands hefði kvartað yfir því að stofnunin hefði ráðið útlendinga í eftirlitsstörf sem ekki hefðu nægilegt vald á íslenskri tungu (sjá <http://www.umbodsmaduralthingis.is/ViewCase.aspx?Key=6418&skoda=mál>). Í úrskurði umboðsmanns væri tekið undir þetta og m.a. vísað í lög um íslenska tungu: „Reglan um að dýralæknar í opinberri þjónustu skuli hafa vald á íslenskri tungu er í samræmi við þá stefnu sem var lögfest með lögum nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, um að íslenska sé mál stjórnvalda og að hverjum þeim sem býr hér á landi eigi almennt að nægja að hafa vald á íslensku til eðlilegrar þátttöku í málefnum þjóðfélagsins og til að geta rækt þar skyldur sínar og gætt réttinda sinna, sbr. 2. og 8. gr. laganna og athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem urðu að þessum lagagreinum.“

Hilmar benti á að ekkert ákvæði væri um íslenskukunnáttu í tengslum við veitingu leyfisbréfa kennara og ýmissa annarra stétta og skyti það skökku við.

b) Ályktun Máls og sögu

Formaður benti á að málfræðifélagið Mál og saga hefði sent frá sér ályktun (sjá <http://malogsaga.org/index.php/2018/05/06/alyktun/>) þar sem varað væri „við ýmiss konar nýbreytni í máli sem er ætlað að stuðla að kynhlutleysi“. Einnig var í ályktuninni birtur pistill Katrínar Axelsdóttur um „ýmis nýmæli [í Ríkisútvarpinu] sem eiga að stuðla að kynhlutleysi“.

Fundi lauk kl. 15.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.